

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1474  
komudagur 22.4.2005

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags 22.04.2005

**Málefni: Umsögn Félags kjúklingabænda um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun, 700. og 701. mál.**

Félag kjúklingabænda og félagsmenn þess hafa frá því að gjald það sem sláturhús eiga að greiða sbr. lög nr. 82 / 2002, vegna eftirlits dýralækna og embætti yfirdýralæknis, mótmælt hversu hátt það er, en það er kr. 6,50 á slátrað kg. Aðrar kjötgreinar þurfa að greiða frá bilinu kr. 2,10 til kr 3,00, þrátt fyrir að leiða megi líkur að því að eftirlitið sé mun meira í þeim greinum.


Félagið og félagsmenn þess hafa sent erindi og spurst fyrir um kostnaðarútreikninga á þau útgjöld sem embætti yfirdýralæknis þarf að inna af hendi til framfylgja þessu lögbundna eftirliti, en í lögunum kemur fram að eftirlitsgjaldið miðist við raunkostnað.. Engin svör hafa enn borist þrátt fyrir að formlega hafi verið farið fram á það með bréfi til ráðuneytisins dags. 29. mars 2004.

Það er réttlætismál að eftirlitsgjald í alifuglaslátrun miðist við raunkostnað við eftirlitið. Þetta þarf að vera gegnsætt og skal landbúnaðaráðuneytið gefa reglulega út yfirlit yfir raunkostnaðinn við eftirlitið. Félagsmenn vilja einungis greiða fyrir þjónustuna að grunni útlagðs kostnaðar og fögnum við því þessu framkomna frumvarpi um breytingum á lögum nr. 96 / 1997.

Í b.lið, 1. mgr, 1.gr frumvarpsins, kemur fram að eftirlitsgjaldið eigi að standa m.a. straum að töku sýna og úrvinnslu þeirra. Hér leggur félagið ríka áherslu á að allur kostnaður og þjónusta við skyldutökur sýna sé innfalin í gjaldinu, en eins og staðan er í dag greiða félögin sérstaklega fyrir það.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að sjóður sá sem er í vörslu ráðuneytisins verði lagður niður. Nauðsynlegt er að upplýst verði hversu há upphæð er í þessum sjóði og andvirði hans notað til að lækka eftirlitsgjaldið þar sem sláturleyfishafar hafa þegar greitt í sjóðinn þær fjárhæðir.

F.h. Félags kjúklingabænda

  
Matthías H. Guðmundsson  
Formaður